

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Jón Geir Pétursson
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. janúar 2018
2017120010/42-0
KJ, TB
jgo/tb

Beiðni um breytingu á mörkum á svæði nr. 621 á náttúruminjaskrá

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 11. desember 2017., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ósk Fjarðabyggðar um breytingu á svæði nr. 621, Sandfell í Fáskrúðsfirði. Einnig er vísað til bréfs umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til Fjarðabyggðar, dags. 11. desember 2017. Í gögnum málsins kemur fram að helsta ástæða þess að óskað er eftir breytingu á svæðinu er að landeigandi hefur hug á að fara í skógrækt, allt að 40 ha, og þykir því ekki ástæða til að láta verndarsvæði fyrir Sandfell standa í vegi fyrir landnotkun á borð við landbúnað eða skógrækt á láglandi við fjörðinn að mati Fjarðarbyggðar sbr. bls. 1 í greinargerð dags. 9. nóvember 2017 og fylgir þessu máli.

Í fyrsta lagi vonar Náttúrufræðistofnun að það sé ekki almenn afstaða Fjarðarbyggðar að verndarsvæði geti eða eigi ekki að koma í veg fyrir ýmsa landnotkun heldur sé frekar átt við að ákvarðanir hvað þetta varðar fari eftir aðstæðum hverju sinni, mikilvægi viðkomandi náttúruminja og eðli þeirrar landnotkunar sem um ræðir hverju sinni. Náttúrufræðistofnun tekur undir með Fjarðabyggð að afmörkun svæðis nr. 621 er ekki nákvæm t.d. með tilliti til landbúnaðar á jörðinni. Eins og kemur fram í bréfi ráðuneytisins til Fjarðarbyggðar er endurskoðun á núgildandi náttúruminjaskrá rétt hafin og verið er að safna upplýsingum um m.a. jarðminjar sem eiga að vera hluti af C-hluta hennar. Til þess að hægt sé að endurskoða náttúruminjaskrána og til þess að undirbyggja faglegt mat á verndargildi náttúruminja, sérstaklega jarðminja, er Náttúrufræðistofnun með starfshóp sem vinnur að því að skýra faglegar forsendur fyrir jarðminjavernd með vísun til 3. gr. laga um náttúruvernd. Starfshópnum er m.a. ætlað að móta viðmið fyrir flokkun jarðminja og mat á verndargildi þeirra. Samhliða þessu er verið að byggja upp gagnagrunn um jarðminjar og hefja skráningu í hann sem verður undirstaða C-hluta náttúruminjaskrár, jarðminjahluta.

Eins og kemur fram í gögnum málsins segir aðeins eftirfarandi um svæði nr. 621 á náttúruminjaskrá að átt sé við Sandfell í landi Víkurgerðis og næsta umhverfi og að um sé að ræða afar sérstæðan líparíteitil sem sé hluti af hinni fornu Reyðarfjarðareldstöð. Sjá meðfylgjandi mynd 1 og 2. Í Árbók Ferðafélags Íslands 2002 eftir Hjörleif Guttormsson segir á bls. 253 „...þeir sem um fjörðinn fara geta dáðst að Sandfelli sem gnæfir í 743 m hæð sunnan fjarðar. Er fellið talið eitt besta sýnishorn bergeitils frá tertiertíma á norðurhveli. Nær



sporðreist basaltlögin í Smátindum sem leggjast upp að sunnanverðu fellinu ber enn vitni um hvað hér gerðist. Litlu sunnar tengjast þau láréttum lögum sem liggja fyrir botni Fleinsdals og Sandfellsdals. Heildarþykkt bergetilsins er talin vera 600 metrar og líklegt að hann hafi brotist upp í blágrýtisþekju sem var yfir 500 m á þykkt." (Hér vitnar Hjörleifur í Geology of the Fáskrúðsfjörður area eftir Gibson. Austfjarðarfjöll s 124-127., sjá meðfylgjandi mynd 2)

Til þess að taka ákvörðun um hvort breyta eigi svæði nr. 621 á náttúruminjaskrá þarf að skoða hvort líklegt sé að breytt landnotkun hafi áhrif á viðkomandi jarðmyndun. Það er nokkuð ljóst að skógrækt sem slík mun ekki hafa mikil ef nokkur áhrif á sjálfa jarðmyndunina hins vegar er alls ekki ólíklegt að skógrækt allt upp í 170 metra hæð, gul lína á mynd 3, geti haft þó nokkur til veruleg áhrif á ásýnd jarðmyndunarinnar og nánasta umhverfi hennar þ.e. landslagsáhrif og breyta þar með upplifun af þessari einstöku jarðmyndun þ.e. draga úr því að jarðmyndunin sjáist eins vel og áður.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að það sé ekki faglega forsvaranlegt að breyta viðkomandi svæði á náttúruminjaskrá eins og lagt er til, þ.e. að setja efri mörk svæðisins við 170 metra hæðarlínu, án þess að stofnunin geri sjálfstæða úttekt á þeim áhrifum sem breytt landnotkun getur haft á ásýnd jarðmyndunarinnar. Fram kemur í greinargerð að ásýnd komi ekki til með að breytast mikið frá þjóðvegi eða innar úr firðinum en að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að skoða þetta víðar svo sem ásýnd yfir fjörðinn, mynd 1. Miðað við þær upplýsingar sem nú eru til um jarðmyndanir af þessari gerð þá er það mat Náttúrufræðistofnunar að Sandfell muni verða hluti af C-hluta nýrrar náttúruminjaskrár og að öllum líkindum verða sett á framkvæmdaáætlun hennar, B-hluta, þegar fyrrgreindri vinnu um jarðminjavernd er „lokið“. Náttúrufræðistofnun telur ekki ólíklegt að óhætt sé að færa mörk náttúruminjasvæðisins svo þau miðist við 120-130 metra hæðarlínu en telur þó að ef faglega á að standa að verki verði ákvörðun um það tekin eftir úttekt á vettvangi.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Mynd 1. ásýnd á Sandfell yfir Fáskrúðsfjörð, Mynd 2. Afrit af síðu 253 úr Árbók Ferðafélags Íslands 2002, Mynd 3 hæðarlínur við Sandfell, gul lína 170 m y.s.





Mind 1

býli í Merki á Melrakka-
óttarbrott á Miðstrandar-
umanni og hét þar Ár-
Thoroddsen gisti á ferð
árið 1882 „... á fátæklegu
á, en þar var þó nóg til af
í franskir sjómenn voru
þabók I, s. 68).

ínt upp af Sævarborg og
fir sviðinu gnæfir Háöxl
egg (872 m) utan við Há-
r úr egginni gengur Þver-
um eru botnar, Stöðvar-
ð Þverfell og Viðarbotnar
ínur inn Breiðahjalla og í
an við Naustá. Hádegisá
m niður úr Hádegisbotn-
inn og niður í Naustá sem
g niður úr Gontudal og
veirra mestur. Fleinsdalur
rikanum milli Háaxlar og
mótaður af jöklum fyrri
efur gengið hvíltarjökull
og skilið eftir sig heilmik-
arurðir í hlíðinni, m. a.
rel inn og upp af bæ. Suð-
Miðmundartindur (1035
1047 m) er austar milli
g Háaxlar. Hrossahjalli



Sandfell vestanvert. Leifar af upphaflegri blágrýtisþekju liggja skáhallt að tindinum. Sunnan við eru Smátindar, endar hraunlaga sem bergetillinn hefur reist upp á rönd.

Sandfell og Reyðarfjarðareldstöð


Reyðarfjarðareldstöð kallast mikið sporöskjulaga megineldstöðvarkerfi sem menjar eru um í Austfjarðablágrýtinu þvert á firðina frá Stöðvarfirði í suðri norður í Oddsdal inn af Norðfirði. Leifar hennar eru engan veginn eins rismiklar og háreistar og nöfnu hennar yngri sem kennd er við Breiðdal. Sennilega hefur hún aldrei gnæft sem verulegt eldvarp yfir umhverfi sitt. Eldstöðin hefur gosið með hléum og af misjöfnum krafti innna þessa svæðis og inn á milli finnast hraunlagasýrpur sem kenndar eru við Kumlafell og Örnólfsfjall og runnið hafa frá sprungugosum. Um menjar eldstöðvarinnar við sunnanverðan Reyðarfjörð er fjallað síðar (s. 291).

Þegar Reyðarfjarðareldstöð hafði runnið skeið sitt til háls gerðust stórmerki mikil á svæði við sunnanverðan Fáskrúðsfjörð þar sem nú er hlíðin upp af Víkurgerði. Blágrýtislögin sem þar hvíldu nær lárétt í tiginni ró tóku skyndilega að rísa og rifna með braki og feiknlegum brestum uns þau stóðu nær upp á rönd og landið hafði lyfst um mörg hundruð metra á stóru svæði. Engin vitni voru að þessum atburði utan kannski felmtri slegnir mófuglar því að þetta

gerðist fyrir 11–12 milljónum ára. Nú hafa basaltlögin veðrast að mestu utan af sökudólgnum sem olli þessum fyrirgangi og þeir sem um fjörðinn fara geta dáðst að Sandfelli sem gnæfir í 743 m hæð sunnan fjarðar. Er fellid talið eitt besta sýnishorn bergetils frá tertfertíma á norðurhveli. Nær sporðreist basaltlögin í Smátindum sem leggjast upp að sunnanverðu fellinu bera enn vitni um hvað hér gerðist. Litlu sunnar tengjast þau láréttum lögum sem liggja fyrir botni Fleinsdals og Sandfellsdals. Heildarþykkt bergetilsins er talin vera um 600 metrar og líklegt að hann hafi brotist upp í blágrýtisþekju sem var yfir 500 m á þykkt.

Undir lok gosvirkni í Reyðarfjarðareldstöð brutust súr og basísk hraun samtímis upp um tvær samsíða sprungur beggja vegna Fáskrúðsfjarðar og skildu eftir sig áberandi jarðmyndanir. Sunnan fjarðar blasa þær við í Ketti og Gráfelli austan við Stöðvarskarð en að norðanverðu sjáum við ummerki þeirra efst á Kappeyrarmúla og í Ljósafjalli við Gilsárdal. Í norðurhlíðum dalsins blasir við þversnið af sjálfri gosrásinni.

(Heimildir: Geology of the Fáskrúðsfjörður area eftir Gibson. Austfjarðafjöll s. 124–127.)



1:25,000



Source: Esri, DigitalGlobe, GeoEye, Earthstar Geographics, CNES/Airbus DS, USDA, USGS, AeroGRID, IGN, and the GIS User Community

Mynd 3